

Tillögur til stjórnvalda – Vestfirðir til framtíðar

Formaður: Nanný Arna Guðmundsdóttir

Umsagnir – fundir með ráðuneytum, stofnunum og Alþingi. Ályktanir til stjórnvalda settar inn í þennan lið. Ályktanir nýtast inn í umsagnir.

Ályktanir Fjórðungspings eru eitt af tækjum FV/Vestfjarðastofu sem lagðar eru til grundvallar allrar vinnu við hagsmunagæslu fyrir svæðið. Auk þeirra eru stefnumótandi skjöl eins og Sóknaráætlun, stefnumörkun Fjórðungssambands frá árinu 2016, aðalskipulög sveitarfélaga og áfangastaðaáætlunar Vestfjarða svo nokkur dæmi séu nefnd nýtt til að vitna til þannig að hægt sé að endurspegla afstöðu Vestfirðinga til stórra mála.

Eftir Fjórðungsping haustið 2020 var óskað eftir fundum með þremur ráðuneytum og tveimur stofnunum ríkisins til að koma á framfæri innihaldi ályktana þingsins. Að auki var fundað með tveimur þingnefndum. Þessar upplýsingar koma t.d. fram í Ársskýrslu Vestfjarðastofu fyrir árið 2020.

- Af hverju þurfa Vestfirðir 60 milljarða til að geta orðið samkeppnishæfir?
- Hvað þýðir að vera samkeppnishæfir?
- Hver er forgangsröðun baráttumála frá sveitarfélögunum?
- Hvar fá Vestfirðingar fjármagnið?

Gögn:

Umsagnir FV/Vestfjarðastofu

<https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/umsagnir>

Ársskýrsla Vestfjarðastofu

https://www.vestfirdir.is/static/files/Fundir/Arsfundur2021/vestfjardastofa_arsskyrsla20_v2.pdf

Raforkuspá fyrir Vestfirði

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Orkumal/6225-001-sky-001-vo4-svidsmyndir-raforkunotkunar-a-vestfjordum.pdf>

Jarðgangnaáætlun fyrir Vestfirði

https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/jardgangaaaetlun_2021_lokaskjal-1-.pdf

Samkeppnishæfni.

- Mikla fjármuni þarf til að koma innviðum á Vestfjörðum á samkeppnishæft¹ stig miðað við aðra landshluta. Með innviðum er a.m.k. átt við samgöngumál, raforkumál (flutning og virkjanir), fjarskiptamál og heilbrigðisþjónustu.
- Heildapakinn sem fyrir lægi, til viðbótar áætluðum framkvæmdakostnaði í samgönguáætlun, næmi að minnsta kosti 60 milljarðar og líklega meira, nær 70 milljörðum (3 jarðgöng, ný Vesturlína, tengivegir, flugvellir og hafnir).
- Samgöngumál væri margbrotinn málaflokkur yrði að gæta að því að halda þar öllum þáttum inni, hafnir, flugvellir, vegþjónusta (áherslu á vetur), viðhald vega og síðan þjónusta s.s. skólaakstur, almenningsamgöngur á landi og í flugi (Loftbrúin, ríkisstyrkt flug).
- Jarðgöng væru síðan sérstakt viðfangsefni innan samgöngumála og vöntun á jarðgöngum í dag væru orðin dragbítur á samfélags og atvinnuþróun á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum. Það væri dapurleg staða að engin jarðgöng væru á áætlun næstu 15 árin.
- Staða innviða er niðurstaða af áratuga langri þróun og pólitískra ákvarðana að gera lítið eða láta svæðið afskiftalaust, niðurstaðan væri að Vestfirðir væru ávallt haki á eftir og ekki sjáanleg breyting á því í áætlunum stjórnvalda.
- Þegar málið verður rætt við stjórnvöld þá eigi að leggja áherslu á sanngirni og réttlæti að velja sér búsetu fremur en að ákveðnar fjárhæðir vanti.
- Staða innviða sveitarfélaga yrði einnig að ræða í þessu sama samhengi. Staða innviða er víða slæm eftir ára og áratuga langt viðhaldsleysi sem væri afleiðing af slæmri fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Sveitarfélögin legðu áherslu að forgangsraða fjármagni í þjónustu og rekstur sveitarfélaganna og lítið til afgangis til viðhalds innviða. Innviðir sveitarfélaga voru nefndir m.a. vatnsveita, fráveitur og fasteignir og eins var rætt um menningarstarf og að viðhalda bæjaranda. Aukið fjármagn og bættur rekstur sveitarfélaga væri ætti því að ræða í samhengi við önnur innviðamál.
- Fjármagn til eflingu innviða yrði fyrst og fremst að koma frá ríkinu. Nýir fjármunir sem væru að koma til í gegnum fiskeldisgjald ættu ekki að dragast frá fjármagni ríkisins heldur ættu þeir að koma inn til sveitarfélaganna. Fram kom til upplýsingar, að áætlað er að á árinu 2022 mun Arnarlax greiða 175 mkr og Artic Fish 175 mkr í Fiskeldissjóð, hér er ekki um fullt gjald að ræða eða 3/7 gjaldsins, en eftir fjögur ár væru ákvæði um afslátt (aðlögun) runnin út og þá megi áætla að fyrirtækin muni greiða hátt í 1,5 milljarða. Annað atriði væri þjónusta sveitarfélaga við fiskeldisstarfsemi þar sem aflagjöld kæmu á móti kostnaði, breyta yrði þessum grunni hvernig gjaldtaka fyrir þjónustu er framkvæmd.

¹ Fram kom ábending að í umræðunni yrði að skilgreina hvað átt er við samkeppnishæfni og viðmið í þeim efnunum. Eiga það vera nágrannalandshlutar, höfuðborgarsvæðið, önnur álíka svæði í Evrópu eða þess vegna stórborgir.

- Útflutningsverðmæti atvinnuvega á Vestfjörðum hafi verið mikið í gegnum tíðina en færi nú ört vaxandi í tengslum við fiskeldi og væntingar eru um hið sama í ferðaþjónustu. Þessi staða ætti að styrkja málflutning um aukið fjármagn til innviðaupbyggingar og ekki síður til viðhalds innviða t.d. til að mæta sliti á vegum vegna þungaflutninga. Einnig kom fram sjónarmið að nýta ætti þessa fjármuni sem flýtifjármagn s.s. í jarðgangagerð, ekki einhugur um þá leið en hugsanlega að hluta þegar fram í sækti. Gæti verið innlegg ef staðan yrði sú að ríkið ætli sér að taka meginhluta fiskeldisgjalds til sín.
- Greinargerðir sem FV hefur látið vinna um jarðgangamál og kynnt voru á þinginu eru mikilvægar og það mat kom fram að nýta ætti þær til að stuðla að þjóðarsátt, um að Vestfirðir verði sett í forgang og að því þarf að vinna.
- Ferja Baldur. Staðan væri ómöguleg með það skip sem notast er við í dag. Finna yrði framtíðarlausn en um leið lausn sem nýta mætti í millitíðinni. Nýsmíði er hin endanlega lausn en annað skip yrði að koma í staðinn og um leið yrði að efla vetrarþjónustu á Vestfjarðavegi 60, sérstaklega á Kletthálsi. Staðan með Klettháls væri samtímis erfið og þar væri einnig hin endanlega lausn að grafa þar jarðgöng. Hér yrði að fá samtal við stjórnvöld um mótun leiða til skemmri og lengri tíma og skoða málin í heildarsamhengi.
- Rætt var um sérstöðu samgöngumála í Árneshreppi sem væri í samhengi við aðra hluta Vestfjarða til muna verri, skýrt dæmi væri G reglan. Gæta yrði að því að halda þessum sjónarmiðum á lofti í umræðu um samgöngumál.
- Skattamál. Taka verði upp umræðu að nýju hvernig megi beita skattkerfinu til ívilunar búsetu og atvinnurekstrar með fyrirmynd frá Noregi.
- Annað. Fá yrði fram jöfnuð í grunnþjónustu, grundvallarmannréttindi að búseta sé um allt land, ekki þarf að koma með sérstök rök fyrir Vestfirði, það nægir að búseta er á Vestfjörðum, en ekki láta að því liggja að því þurfi að fylgja ákveðin rök. Hér kæmi hinsvegar í umræðuna hin erfiða rekstar og skuldastaða sveitarfélaganna á Vestfjörðum og þá sérstaklega þeirra minni. Gera þarf stórar breytingar á því kerfi sem á að jafna aðstöðumun íbúa um land allt og finna annað kerfi en Jöfnunarsjóður vinnur eftir².

² Fram kom það sjónarmið að hugmyndafræði Jöfnunarsjóðs væri að veita ölmusu fremur en að vera í því að jafna aðstöðu.